

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 65/2011

2011/EES/54/07

frá 1. júlí 2011

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2011 frá 1. apríl 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/667/ESB frá 4. nóvember 2010 um breytingu á ákvörðun 2007/66/EB um tímabundna tilraun varðandi aukningu á hámarksþyngd vörueiningar fræs tiltekinna fóðurjurta samkvæmt tilskipun ráðsins 66/401/EEB ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 50. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/66/EB) í 2. hluta III. kafla I. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32010 D 0667**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/667/ESB frá 4. nóvember 2010 (Stjtið. ESB L 288, 5.11.2010, bls. 23).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/667/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. júlí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. júlí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 171, 30.6.2011, bls. 27, og EES-viðbætur nr. 37, 30.6.2011, bls. 31.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 288, 5.11.2010, bls. 23.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.